

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð.

52. fundur verkefnahóps BsVest, fjarfundur, haldinn þann 2. nóvember 2015. Kl 10:00.

Mættir voru: María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Strandabyggðar og Reykhólahrepps, Margrét Geirsdóttir félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar, Guðný Hildur Magnúsdóttir félagsmálastjóri félagsþjónustunnar við Djúp, Sif Huld Albertsdóttir formaður og Aðalsteinn Óskarsson sem einnig rituðu fundargerðina.

Elsa Reimarsdóttir félagsmálastjóri Vestur-Barðastrandasýslu, boðaði forföll.

1. Fundargerð 51. fundar verkefnahóps.

Fundargerð 51. fundar áður kynnt í tölvupósti, lögð fram til staðfestingar. Fundargerð samþykkt.

2. Viðbótarframlag 2015.

Jöfnunarsjóður kynnti á heimasíðu sinni þann 28. október s.l. áætluð viðbótarframlög fyrir árið 2015 alls kr. 175.000.000,- og þar af kemur til BsVest kr. 40.120.000,-. Verkefnastjóri undirstrikar að þetta eru áætlað viðbótarframlag. Verkefnahópur er sammála því að þessi framlög dugi ekki og vinna verður áfram að því að fá framlagið til BsVest hækkað, til að geta lokað fjárhagsárinu 2015.

3. Niðurstöður rannsóknar á vegum félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

a. *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.*

Heildarniðurstaða rannsóknarinnar um flutning þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga var kynnt á málþingi sambands Íslenskra sveitarfélaga í ágúst 2014, þar sem Guðbjörg Andrea Jónsdóttir kynnti heildarniðurstöður. Sjá slóð:

<http://samband.is/media/malthing-26082014/Gudbjorg.pdf>.

Frá verkefnahópsfundi þann 12. febrúar s.l. undir 3. lið, lagði verkefnahópur til að keyptar yrðu niðurstöður rannsóknarinnar með yfirlit yfir Vestfirði. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur sent BsVest rannsóknina með yfirlit yfir þjónustusvæði Vestfjarða. Verkefnastjóri kynnti hana með fyrirvara um að nánar verði farið í einstaka þætti á snertifundi sem halda á í nóvember.

4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2015.

Verkefnastjóri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Kostnaður við málaflokkinn nemur í heild um 410 m.kr. og hefur hækkað um 5,9 m.kr. frá fjárhagsáætlun sem samþykkt var á samráðsfundi aðildasveitarfélaga BsVest þann 14. desember 2014. Hækkunin skýrist af vanáætluðum launakostnaði í búsetu hjá Ísafjarðarbæ.

5. Fjárhagsáætlun 2016.

Verkefnastjóri lagði fram fjárhagsáætlun 2016, áætlunin byggir á frumdrögum fjárhagsáætlana þjónustusvæða BsVest, sem sveitarfélög eru að vinna að innan fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2016. Kostnaðurinn við málaflokkinn í heild er um 414,5 m.kr. og með vísan til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2015 sjá 5. lið þá mun kostnaður við málaflokkinn hækka um 4,6 m.kr. árið 2016.

Framkvæmdastjóri tilkynnti, að á þessu stigi væri ekki hægt að segja til um áætluð framlög til málaflokks fatlaðs fólks fyrir árið 2015 og 2016, þar sem enn er beðið niðurstöðu samninga milli ríkis og sveitarfélaga um endurmat á yfirfærslu málefni

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

fatlaðs fólks. Verkefnahópur lýsir miklum vonbrigðum hversu hægt hefur gengið að ná samningum.

6. Erindi frá Strandabyggð.

Trúnaðarmál, sett í trúnaðarmálabók, Erindi frestað fram til næsta fundar verkefnahóps, þar sem afla þarf nánari gagna.

7. Annað.

a) Vesturafl.

Verkefnastjóri fór yfir stöðu mála hjá Vesturafli.

b) Fundur þann 11. nóvember á Grand hótél vegna endurmats á málefnum fatlaðs fólks.

Verkefnastjóri kynnti fund þann 11. nóvember vegna endurmats á málaflokki fatlaðs fólks. Verkefnastjóri og formaður stjórnar munu sitja fundinn.

c) Auka þing

Boðað var til aukafings þann 4. nóvember n.k. þar sem farið verður yfir samþykktir BsVest. Samþykktir BsVest eru frá árinu 2011 og var kominn tími til að endurskoða samþykktir BsVest á ný.

d) Fæðingarorlof Verkefnastjóra.

Stjórn hefur samþykkt að verkefnastjóri fari í tvo mánuði í orlof frá fæðingu barns, verkefnastjóri komi síðan inn í 50% stöðu eftir það út árið 2016.

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri
BsVest